

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

22.-30. ágúst

Nú blánar yfir berjamó
Stingum af (fyrri tvö erindi)
Göngum, göngum
Hæ við hoppum

2.-6. september

Vér göngum svo léttir í lundu
Nú blánar yfir berjamó
Göngum upp í gilið
Stingum af (fyrri tvö erindi)
Hæ við hoppum

9.-13. september

Skólasöngur
Vér göngum svo léttir í lundu
Nú blánar yfir berjamó
Göngum upp í gilið
Stingum af (seinni tvö erindi)
Hæ við hoppum

Nú blánar yfir berjamó

Lag: Schulz
Ljóð: Guðmundur Guðmundsson

Nú blánar yfir berjamó
og börnin smá í mosató
og lautum leika sér.
Þau koma, koma kát og létt,
á kvikum fótum taka sprett
;: að tína, tína ber ;:

En heima situr amma ein,
að arni hvílir lúin bein,
og leikur bros um brá.
Er koma þau með körfur inn
og kyssa ömmu á vangann sinn
;: og hlæja berjablá ;:

Stingum af

Lag og ljóð: Mugison

Það er andvökubjart,
himinn – kvöldsólarskart,
;: finnum læk, litla laut,
tínum grös, sjóðum graut. ;:

Finum göldróttan hval
og fyndinn sel í smá dal,
;: lækjarnið, lítinn foss,
skeinusár, mömmukoss. ;:

*Stingum af
í spegilsléttan fjörð,
stingum af,
smá fjölskylduhjörð,
senn fjúka barnaár
upp í loft, út á sjó,
verðmæt gleðitár,
elliró, elliró.*

Hoppum út í bláinn,
kveðjum stress og skjáinn,
;: syngjum lag, spilum spil,
þá er gott að vera til. ;:

Tínum skeljar, fjallagrös,
látum þabba blása úr nös,
;: við grjóthól í feluleik,
á hleðslu, lambasteik. ;:

*Stingum af
í spegilsléttan fjörð
stingum af,
smá fjölskylduhjörð,
senn fjúka barnaár
upp í loft, út á sjó,
verðmæt gleðitár,
elliró, elliró.*

Göngum, göngum

Lag: danskt þjóðlag

Ljóð: Þórður Kristleifsson

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,
Gljúfrabúann til að sjá.

Þar á klettasyllu svartu krummi
sínum börnum liggur hjá.

Hæ, við hoppum

Lag: Weyse

Ljóð: Ísak Jónsson / Steingrímur Thorsteinsson

Hæ, við hoppum,
hó, við skoppum,
hendumst skólann í.
Læra' að lesa' og reikna,
leika, skrifa' og teikna.
∴ Það er gagn að því. ∴

Nú er sumar,
gleðjist gumar,
gaman er í dag:
brosir veröld víða,
veðurlagsins blíða
∴ eykur yndishag. ∴

Vér göngum svo léttir í lundu

Lag: Felix Körling

Ljóð: Freysteinn Gunnarsson

Vér göngum svo léttir í lundu,
því lífsgleðin blasir oss við.
Við lifum á líðandi stundu,
við lokkandi söngvanna klið.
Tra-ra-la-la- - -

Vér göngum og syngjum hér saman,
því söngurinn hann er vort mál,
og nú verður glaumur og gaman,
nú gleðjist hver einasta sál.
Tra-ra-la-la- - -

Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið
2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,
fyrir en varir byrja
lítil börn með lungu og hjarta
að leika sér og spyrja.
Í skóla fá þau svör og starf,
söng og gleði skarta,
visku, dyggð og von í arf,
í veganesti að narta.

„Lífið er eins og lækur
sprækur,
lesum fleiri og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.“

Börninn ná í boltann sinn,
bjallan var að hringja,
úr frímínútum flykkjast inn
og fara svo að syngja.
Þau langar til að líða vel,
lesa, skrifa og reikna,
fá vinskáp, hlýju og vinabel,
í vinnubækur teikna.

„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.“